

**Nd.** **611. Breytingartillaga** [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyt. á þeim lögum, og um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

Aftan við l. gr. frv. bætist nýr málaliður er orðist svo:

Undanþegin gjaldinu eru ökutæki sem skráð eru í eigu manna, sem náð hafa 67 ára aldri fyrir upphaf gjaldárs, og manna, sem njóta örorkulífeyris skv. lögum um almannatryggingar.